

36. fundur

Reykjavík 6. apríl 2022

2009511SA  
Málalykill: 16.32

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Sálfræðingafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sálfræðingafélags Íslands, miðvikudaginn 6. apríl 2022. Fundað var með tölusamskiptum.

**Mætt voru:**

Fyrir hönd félagsins: Anna María Frímansdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Þessi mál voru tekin fyrir:**

**1. Hagvaxtarauki**

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira ekki gert.